

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Að einstefnuakstur verði á Bjarkargötu til suðurs.
2. Að hjólandi verði undanþegin einstefnuakstri á Bjarkargötu.
3. Að einstefnuakstur verði á Tjarnargötu til suðurs, sunnan Skothúsvegar.
4. Að hjólandi verði undanþegin einstefnuakstri á Tjarnargötu, bæði norðan og sunnan Skothúsvegar.
5. Að heimilt verði að leggja við vinstri brún Bjarkargötu miðað við akstursstefnu.
6. Að heimilt verði að leggja við vinstri brún Tjarnargötu sunnan Skothúsvegar miðað við akstursstefnu.
7. Að óheimilt verði að leggja í suðausturkanti Engjasels, frá botni botnlangans að Seljabraut.
8. Að umferð hópþreifa og annarra ökutækja yfir átta metra að lengd verið bönnuð á eftirfarandi götum. Undanþegin banni verði ökutæki merkt akstursþjónusta sem fellur undir lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, ökutæki merkt Reykjavíkurborg og sorphirðu:
 - a. Ásvallagata, Bakkastígur, Bárugata vestan Ægisgötu, Blómvallagata, Brávallagata, Brekkustígur, Brunnstígur, Bræðraborgarstígur, Framnesvegur austan Sólvallagötu, Garðastræti, Grófin, Hávallagata, Holtsgata, Hólatorg, Hólavallagata, Hrannarstígur, Kirkjugarðsstígur, Ljósvallagata, Marargata, Naustin, Nýlendugata, Ránargata vestan Ægisgötu, Seljavegur, Sólvallagata, Stýrimannastígur, Tryggvagata, Túngata vestan Hrannarstígs, Unnarstígur, Vesturgata vestan Ægisgötu að Ananaustum, Vesturvallagata og Öldugata vestan Ægisgötu.
9. Að einstefnuakstur verði á Ásvallagötu til vesturs, milli Ljósvallagötu og innkeyrslu að Hofsvallagötu 15-23.
10. Að hjólandi verði undanþegin einstefnuakstri á Ásvallagötu, milli Ljósvallagötu og Hofsvallagötu.
11. Að heimilt verði að leggja við vinstri brún Ásvallagötu milli Ljósvallagötu og Hofsvallagötu, miðað við akstursstefnu.
12. Að einstefnuakstur verði á Sólvallagötu til austurs, austan Hofsvallagötu.
13. Að hjólandi verði undanþegin einstefnuakstri á Sólvallagötu, austan Hofsvallagötu.
14. Að heimilt verði að leggja við vinstri brún Sólvallagötu austan Hofsvallagötu miðað við akstursstefnu.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Skrifstofu stjórnýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, 10. júlí 2023.

Jóhanna Guðjónsdóttir lögfræðingur.